

Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd
Frá: Kristján Svan Kristjánsson
Dags. 22.08 2023
Mnr. 2023040034



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað byggingarfulltrúa

Minnisblað þetta snýr að gjaldskrá byggingarfulltrúa fyrir árið 2024

Byggingarfulltrúi telur að bæta þurfi við gjaldskrá skýru verði til viðskiptavina, gjaldi vegna yfirferðar eignaskiptayfirlýsinga. Fjölgun hefur verið á slíkum yfirferðum.

Áður fyrr þegar Þjóðskrá var starfandi tók sú stofnun að sér yfirferðir. Nú er þeirri þjónustu hætt.

Directa lögmenn hafa annast þessa vinnu uppá síðkastið og komu þau með tvö möguleika fyrir okkur. Annars vegar fast gjald uppá 56.250 kr. + vsk. óháð umfangi eignaskiptayfirlýsinga. Hins vegar tímagjald en talan hér að ofan endurspeglar 2.5 tíma vinnu.

Föst tala væri einföld leið sem myndi bera hag fyrir suma (stærri yfirlýsingar) en væri að sama skapi dýr leið fyrir þá aðila sem eru með minni yfirlýsingar í yfirferð.

Ef til tímagjalds kæmi myndi bætast við reitur í gjaldskrá sem gæti kallast „tímagjald vegna sérfræðiaðstoðar“

Frekari viðbóta við gjaldskrá tel ég ekki þörf